

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 6. nóvember 2019
Tilvísun: 201910076 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð tillögu að deiliskipulagi áningarstaðar við Snædalsfoss, Djúpavogshreppur

Djúpavogshreppur hefur, með erindi mótt. 22. október 2019, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í sveitarstjórn 12. september 2019 og varðar gerð tillögu að deiliskipulagi áningarstaðar við Snædalsfoss.

Samkvæmt lýsingunni, dags. 9. september 2019, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem felur í sér uppbyggingu áningarstaðar við Snædalsfoss í landi Bragðavalla. Fyrirhugaður er útsýnis- og göngupallur við fossinn, um 20 m² þjónustuhús auk göngustíga og upplýsingaskilta. Lögð verður áhersla á að framkvæmdir falli vel að landi þ.a. heildarásýnd svæðisins raskist sem minnst.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum. Stofnunin bendir á eftirfarandi:

Fram kemur í lýsingunni að ekkert rafmagn né neysluvatn sé á svæðinu. Áréttað er að í deiliskipulagsgögnum þarf að gera grein fyrir veitum, sbr. gr. 5.3.2.15 í skipulagsreglugerð.

Auk þeirra umsagnaraðila sem nefndir eru í lýsingu skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Minnt er á að við gerð nýs deiliskipulags skal gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum við framfylgd skipulagsins skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð.

Að lokum er bent á að í lýsingunni eru röng ártöl í töflu um helstu áfanga og tímasetningu skipulagsvinnunnar.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir